

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um verðtryggð lán íslenskra heimila og fyrirtækja.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra heimila hækkað síðan 1. febrúar 2010, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álagna af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?
2. Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra fyrirtækja hækkað síðan 1. febrúar 2010, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álagna af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?

Skriflegt svar óskast.

